

Nd.

20. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umbóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Samhljóða frv. voru flutt á 102., 103. og 104. löggjafarþingi.

Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um að meginreglan átti að verða sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana átti að verða meginreglan. Þetta má enn fremur sjá með því að skoða greinargerð frumvarps laganna um skipan opinberra framkvæmda, en þar segir m. a.: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fái st.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 476). Í athugasemdum við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuýfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 479).

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Í svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurnum í Sp. 22. apríl 1980 og 30. nóv. 1981 um útboð verklegra framkvæmda komu fram upplýsingar um útboð nokkurra ríkisstofnana. Þar kom m. a. eftirfarandi fram:

Heildarframkvæmdir Vegagerðar ríkisins til nýrra framkvæmda við vega- og brúargerð námu á árinu 1978 4580 millj. kr. Greiðslur til verktaka sem hlutfall af þessum framkvæmdum námu 11%. Sambærilegar tölur fyrir árið 1979 eru 5630 millj. kr. og 12%. 1980 voru útboðsverk 274 millj. kr. (2.1%), samningsverk 2207 millj. kr. (16.7%), samtals til verktaka 2482 millj. kr. eða 18.8% af heildarframkvæmdum. 1981 voru útboðsverk 14.26 millj. nýkr. (7.1%), samningsverk 26.15 millj. nýkr. (13.1%), samtals til verktaka 50.41 millj. nýkr. eða 20.2% af heildarframkvæmdum.

Hjá Hafnamálastofnuninni voru heildarframkvæmdir 1978 2402 millj. kr. Hlutfall útboða af þessum framkvæmdum var 14.7%. Árið 1979 voru heildarframkvæmdir hjá stofnuninni 2600 millj. kr. og hlutfall útboða 14.6%. 1980 voru útboðsverk af framkvæmdum 17.8%, þar af innlend 5%, en erlend (aðallega efni) 12%. 1981 voru útboð innanlands vegna framkvæmda 6¼%.

Hjá Flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefnum við flugvallagerð árið 1978 og 24% árið 1979, 19% 1980 og 13,2% 1981.

Af þessum tölum má sjá að því fer fjarri, að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd. Í ofangreindu svari hæstv. samgönguráðherra kom fram, að 3. mgr. 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir hefði verið túlkuð þannig, að viðkomandi stofnunum hefði verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu.

3. mgr. 21. gr. hljóðar svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“ Samkvæmt þessu frv. er ráðgert að bæta einni málsgrein við þessa setningu til að taka af öll tvímæli um það, að útboð skuli vera aðalstefnan, þrátt fyrir þetta ákvæði,

þannig að ríkisstofnanir eigi að láta útboð fara fram nema skilyrði undantekningarákvæða 13. gr. séu fyrir hendi.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða, að ráðherra geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Hér er aðallega átt við að ríkisstofnanir, sem nú framkvæma aðallega verk sín sjálfar, fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf, sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.